

Mánudaginn 19. mars 1990.

Nr. 450/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Davíð Garðarssyni

(Ólafur Gústafsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. október 1989 að ósk ákærða, en jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar og lengingar á ökuleyfissviptingu. Krefst ákærvaldið þess, að refsing ákærða verði, eins og í héraðsdómi, ákvörðuð í einu lagi til viðbótar óafplánuðum eftirstöðvum refsinga, samtals 80 dögum.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og færslu til refsíákvæða. Eins og í héraðsdómi greinir, fékk ákærði hinn 1. nóvember 1988 reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 80 dögum. Með broti sínu hefur ákærði því rofið skilorð reynslulausnarinnar. Rétt þykir þó, eins og broti ákærða er háttað, að láta reynslulausnina halda sér samkvæmt heimild í 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, samanber lög nr. 22/1955 og 20/1981.

Ákærði hefur fjórum sinnum hlotið dóm vegna umferðarlaga-brota. Allir þeir dómar gengu, áður en ákærði varð 18 ára gamall. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 20.000 kr. sekt í ríkis-sjóð, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða frá 29. júní 1989, en rétt þykir, að hún verði í þrjá mánuði.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Davíð Garðarsson, greiði 20.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í þrjá mánuði frá 29. júní 1989 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. október 1989.

Ár 1989, föstudaginn 27. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 509/1989: Ákærvaldið gegn Davíð Garðarssyni, sem dómtekið var í gærðag.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 9. október sl., á hendur Davíð Garðarssyni, Stigahlið 18, Reykjavík, „fyrir að aka á árinu 1989, sviptur ökuleyfi, bifreiðinni E-2423 svo sem hér er rakið:

1) aðfaranótt föstudagsins 11. ágúst um götur í Kópavogi og suður Reykjanesbraut með allt að 123 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli sunnan við Dalveg,

2) aðfaranótt sunnudagsins 13. ágúst með of marga farþega um götur í Kópavogi, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Nýbýlavegi á móts við Engihjalla.

Telst þetta varða við 2. mgr. 48. gr., lið 1, auk þess við 1. mgr. 37. gr. og lið 2 við 2. mgr. 73. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og auglýsingu um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

1) Ákærði viðurkenndi fyrir dóminum í gærðag að hafa ekið bifreiðinni E-2423 aðfaranótt 11. ágúst sl. eftir vegarkafli suður Reykjanesbraut með

allt að 123 km hraða miðað við klukkustund, en hámarkshraði á þeim vegi er 70 km á klukkustund.

2) Ákærði viðurkenndi fyrir dóminum í gærðag að hafa framið þá háttsemi, er hér er ákært út af. Ákærði kvaðst hafa komið akandi úr Seljahverfi í Reykjavík og þannig verið nýlega kominn inn í Kópavog, er lögreglan stöðvaði aksturinn.

Ákærði bar fyrir dóminum í gærðag, að hann hafi talið ökuréttindi sín í lagi, er ákærði var stöðvaður af lögreglu í þau tvö skipti, er ákært er út af. Ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða af lögreglustjóranum í Reykjavík þann 29. júní sl., þar til annað yrði ákveðið. Ákærði kvaðst hafa fengið bréf frá lögreglustjóranum í Reykjavík, að því er ákærði taldi, í júlí sl., þar sem ákærði var boðaður á lögreglustöðina í Reykjavík. Ákærði kvaðst ekki hafa sinnt boðuninni, en talið, að til stæði að afhenda sér ökuskrteinið að nýju.

Niðurstöður.

Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er af öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, er ákært er út af. Ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða þann 29. júní sl., þar til öðruvísi yrði ákveðið. Ákærði var þannig án ökuréttinda, er hann framdi brot sín, og breytir framburður ákærða engu um þá niðurstöðu.

Brot ákærða varða við þau lagaákvæði, er í ákærinni greinir.

Ákærði var hinn 5. október sl. dæmdur í þriggja mánaða fangelsi og sviptur ökuréttindum í einn mánuð vegna ölvunaraksturs, en í því máli var dæmd með 80 daga reynslulausn.

Refsing ákærða verður hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir með vísan til alls ofanritaðs hæfilega ákveðin kr. 10.000 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í fjóra daga í sektar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Þá er rétt með vísan til 101. gr. umferðarlaganna að dæma ákærða til missis ökuréttinda í einn mánuð frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Davíð Garðarsson, greiði kr. 10.000 í sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í fjóra daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í einn mánuð frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.